

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

264. fundur

Föstudaginn 28. apríl 2017 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður sem tók sæti undir lið 2, Guðlaug Kristjánsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Bryndís Haraldsdóttir, sem tók sæti undir lið 5, Sigrún Edda Jónsdóttir og Sverrir Óskarsson.

Fjarverandi:

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármála og reksturs, sem yfirgaf fundinn undir lið 5.

Dagskrá fundar:

1. Orkuskipti í almenningssamgöngum.
2. Innri endurskoðun
3. Stefnur Strætó
4. Markmið í umhverfis- og öryggismálum 2017
5. Leiðakerfismál
 - a. Erindi frá borgarráði Reykjavíkurborgar varðandi kvöld og næturakstur
 - b. Leiðakerfisbreytingar í Kópavogi
6. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Orkuskipti í almenningssamgöngum

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður skýrslu, sem Mannvit vann fyrir Strætó að beiðni stjórnar, um orkuskipti í almenningssamgöngum.

Stjórn samþykkir að skýrslan verði gerð opinber og sett á heimasíðu Strætó.

2. Innri endurskoðun

Innri endurskoðandi Strætó, Sif Einarsdóttir hjá Deloitte, kynnti skýrslu innri endurskoðunar Strætó fyrir stjórn. Hallur Símonarsson, ritari endurskoðunarnefndar Strætó, fylgdi úr hlaði bréfi endurskoðunarnefndar til stjórnar Strætó varðandi niðurstöðu skýrslu innri endurskoðenda. Farið var í gegnum viðbrögð stjórnenda Strætó við skýrslunni.

Stjórn samþykkir viðbrögð stjórnenda Strætó og felur stjórnendum að bregðast við umræddum ábendingum.

3. Stefnur Strætó

Áframhaldandi umfjöllun um þjónustustefnu Strætó sem lögð var fram á fundi stjórnar 7. apríl sl. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að nýrri þjónustustefnu og að hún verði gefin út og sett á heimasíðu Strætó.

Framkvæmdastjóri fór yfir aðrar gildandi stefnur í starfsemi Strætó sem allar eru aðgengilegar á heimasíðu Strætó.

4. Markmið í umhverfis- og öryggismálum 2017

Yfirlit yfir stöðu umhverfis- og öryggismála árið 2016 eru birtar í ársskýrslu Strætó, sem kom út í mars 2017. Niðurstöðurnar 2016 eru í heildina litið jákvæðar þó alltaf megi gera betur.

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að nýjum markmiðum Strætó í umhverfis- og öryggismálum fyrir árið 2017.

Stjórn samþykkir markmið Strætó í umhverfis- og öryggismálum 2017.

5. Leiðakerfismál

- a) Stjórn Strætó felur framkvæmdastjóra að senda bæjarráðum aðildarsveitarfélaga Strætó bréf og óska eftir formlegu svari um áhuga sveitarfélaganna á að lengja þjónustutíma á kvöldin og næturakstri, saman eða í sitthvoru lagi. Til er gróft kostnaðarmat á hugmyndirnar sem sent verður með erindinu ásamt erindi frá borgarráði Reykjavíkurborgar til stjórnar Strætó vegna kvöld- og næturaksturs.
- b) Umræður um leiðakerfisbreytingar í Kópavogi. Frekari umræðu frestað til næsta stjórnarfundar.

6. Önnur mál

- a) Bókað í trúnaðarbók
-

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:15

Fylgiskjöl:

- Orkuskipti í almenningssamgöngum
- Erindi frá borgarráði Reykjavíkurborgar varðandi kvöld- og næturakstur
- Greinargerð til endurskoðunarnefndar, innri endurskoðun 2017, apríl 2017
- Þjónustustefna Strætó, apríl 2017

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Valur Gíslason

Guðlaug Kristjánsdóttir

Sverrir Óskarsson

Bryndís Haraldsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir